

**Til:** Sveitarstjóri Dalabyggð; Eyjólfur Ingvi Bjarnason; skuligudbjornsson@gmail.com; Þuríður Jóney Sigurðardóttir; siggahuld@gmail.com; ragnh.pals; Pálmi Jóhannsson; Einar Jón Geirsson  
**Frá:** Svavar Garðarsson <senjor@simnet.is>  
**CC:** ssv <ssv@ssv.is>  
**Heiti:** Seyðisfjörður, það sem við getum svo vel gert.  
**Skráð dags:** 21.12.2020 13:29:07  
**Höfundur:** Svavar Garðarsson <senjor@simnet.is>

Til Sveitarstjórnar Dalabyggðar.

Málefni Seyðisfjarðar eftir hamfarir.

Komið þið sæl viðtakendur.

Nú þarf heilt samfélag aðstoð og við getum gert þar gagn. Seyðisfjörður er í miklum vanda eftir hamfarir, þar hafa menningarminjar í formi gamalla húsa og götummynd þess tíma orðið að rústum. Til þess að sá möguleiki gæti orðið raunverulegur að endurbyggja húsin á sinni fyrri lóð, þá þarf að binda jarðveginn í hlíðinni, það er að segja þann jarðveg sem enn er eftir. Þar getum við sem einstaklingar, sem sveitarfélagið Dalabyggð og mögulega Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, tekið að okkur það verkefni næsta vor og sumar að planta og sá í fjallshlíðina þeim tegundum gróðurs sem hafa þol og rótarkerfi sem kemur að gagni til bindingar jarðvegs.

1. Verkefnið verði framkvæmt af sjálfboðaliðum úr Dalabyggð og mögulega fleiri sveitarfélögum á Vesturlandi. Sveitarfélögin greiði ferðakostnað og upphald samkvæmt fyrirfram fundinni upphæð pr. mann og ekkert umfram það. Hópfærð þarf að vera valkostur en aðrir nota einkabíl og vilja kanski gera ferðina að sumarfrí eða skoða sig um víðar.
2. Kaup á fræjum og plöntum verði fjármögnuð með frjálsum framlögum fyrirtækja og einstaklinga á Vesturlandi þegar áætlun um þann kostnað hefur verið gerð. Safnist meira þá lækki það ferðakostnað.
3. Dalabyggð hafi frumkvæði að því að fleiri sveitarfélög á Vesturlandi verði með í verkefninu, til dæmis með því að kanna áhuga Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um að vera með og mögulega halda utan um framkvæmdina.
4. Hafa skal fullt samráð við til þess bæra fræðimenn og heimafólk á Seyðisfirði um val á plöntum með hliðsjón að núverandi gróðurfari annar staðar í hlíðinni, þannig að ekki verði um ókomna framtíð glöggt séð hvað er mannanna verk og hvað er sjálfsprottið til árpúsunda.
5. Ef snöggfengin vilji er til þess að ganga í verkefnið núna og skipuleggja það svo til vors, þá er nauðsynlegt að upplýsa ráðamenn fyrir austan um hvað standi til svo að þau sjái í huganum hlíðina grænka á ný, það verði jólagjöfin til þeirra frá hinum enda landsins.
6. Undirbúningur þarf að taka mið af því sem engin veit um í dag, hvernig veiran þróast fram að sumri.

Til greina gæti komið að fá fyrrverandi Sýslumann Dalamanna, Georg Kr. Lárusson forstjóra Landhelgisgæslunnar, til samstarfs með því að nota þyrlu sem flýgur með í taug stóran kastdreifara útbúin sjálfstæðum mótör. Í dreifaranum væri blanda af fræjum, áburði og rakabindiefni, svipaður kokkteill og Vegagerðin notar eftir jarðrask. Með þessari aðferð þarf eingöngu fólk í plöntun, þá sparast mikið labb með þungar fötur í brattri urðinni.

Ég legg til auk mín þrjár til fimm manneskjur til verksins ef af því verður.

Bestu kveðjur á vetrarsólstöðum  
Svavar Garðarsson  
Búðardal